

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 25. nóvember 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Byggðakvóti,

Fyrir fundinum lá erindi sjávarútvegsráðuneytis vegna reglna um úthlutun þar sem ráðuneytið tilkynnir að það geti fallist á tillögur sveitarstjórnar að öðru leyti en því að ekki er tilgreint hvaða atriði eigi að ráða skiptingu aflaheimilda milli einstakra báta. Hreppsnefnd samþykkti svohljóðandi viðauka við 2. gr. reglnanna: *Einungis aflamarksskip og krókaafلامarksbátar eiga rétt á úthlutun og skal úthlutunum aflaheimildum skipt jafnt á milli þeirra umsækjenda sem falla undir reglur þessar, þó skal heildaraflamark eða krókaafلامark ekki aukast um meira en 100% miðað við úthlutun í upphafi yfirstandandi fiskveiðiárs.*

2. Héraðsnefnd A-Hún, fjárhagsáætlun.

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun 2004 sem verður til afgreiðslu á héraðsnefndarfundi 26. nóvember. Áætlunin gerir ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna vegna héraðssjóðs verði 26,4 milljónir, vegna tónlistarskóla 17,5 milljónir, vegna skólaþjónustu 8,7 milljónir og vegna lúðrasveitar 0,8 milljónir eða samtals 53,5 milljónir. Er þá ótalið framlag vegna heimilisiðnaðarsafnsins sem héraðsráð gerði ekki tillögu um. Hreppsnefnd gerði ekki sérstakar athugasemdir vegna fjárhagsáætlunarinnar.

3. Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi.

Fyrir fundinum lá sýnishorn af þjónustusamningi sem sveitarfélög á Norðurlandi hafa verið að gera við markaðsskrifstofuna ásamt skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaganna. Sveitarstjóri greindi frá heimsókn Kjartans Lárussonar, starfsmanns skrifstofunnar þar sem ítrekað var fyrra erindi um þátttöku Höfðahrepps í verkefninu. Hreppsnefnd samþykkti að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar.

4. Bréf:

a) Aðstandenda heimilismanna á Sæborgu, dags. 17.11.2003

Í bréfinu sem er undirritað af Eðvarð Jóhannessyni fyrir hönd aðstandenda er farið fram á föst næturvakt verði á heimilinu til að tryggja öryggi íbúanna. Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar á héraðsnefndarfundi.

b) Nemendafélags FNV, dags. 1. nóv. 2003.

Í bréfinu er farið fram á styrk vegna uppfærslu nemendafélagsins á söngleiknum Wake Me Up Before You Gogo. Meðfylgjandi bréfinu var ítarleg samantekt um undirbúning og kostnað vegna sýningarinnar.

Samþykkt að styrkja nemendafélagið um 75 þúsund vegna þessarar sýningar.

- c) Norðurstrandar ehf. dags. 10. 11.2003.
Í bréfinu er gerð tillaga um að stofnaður verði sjóður til atvinnuuppbyggingar sem hafi það markmið að styrkja atvinnulífið á svæðinu og nýsköpun í atvinnulífi.
Umræður urðu um efni bréfsins en málinu var síðan vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi.
- d) Samgönguráðherra, dags. 6.11.2003.
Í bréfinu lýsir Sturla Böðvarsson yfir því að hann telji framtak sveitarstjórnar við endurgerð gamla skólans gott og virðingarvert og lýsir stuðningi við framkvæmdina.
Bréfið var til kynningar.
- e) Verkefnisstjórnar átaks í sameiningarmálum sveitarfélaga, dags. 28.11.2003.
Í bréfinu er greint frá skipun verkefnisstjórnarinnar og að hún muni á næstunni halda kynningarfundir í öllum landshlutum um markmið átaksins og áætlaða framvindu þess.
Bréfið var til kynningar.
- f) Ferðamálaráðs Íslands, dags. í nóv. 2003.
Í bréfinu er greint frá því að Ferðamálaráð Íslands auglýsi styrki til úrbóta í umhverfismálum fyrir 2004. Einnig kemur fram að úthlutað verður um 40 milljónum sem skiptist í þrjá meginflokka sem nánar eru skýrðir í bréfinu. Ekki komu fram beinar tillögur um verkefni en vísað til hreppsnefnarmanna að koma með tillögur innan tímafrests.

5. Fundargerðir:

- a) Skólanefndar, 19.11.2003.
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Byggingarnefndar, 12.11.2003.
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Héraðsráðs, 21.10.2003.
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Héraðsráðs, 18.11.2003.
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Verkfundar um svæðisskipulag, 29.10.2003.
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Heilbrigðisnefndar Nl.vestra 31.10.2003.
Fundargerðin var til kynningar. Fjárhagsáætlun sem var meðfylgjandi fundargerðinni var afgreidd með þeim hætti að þar sem hún verði til umfjöllunar Héraðsnefndar sjái hreppsnefnd ekki ástæðu til ályktunar sérstaklega.

6. Önnur mál.

a) Vínbúð á Skagströnd.

Oddviti kynnti drög að bréfi til Átvr vegna málsins þar sem óskað er eftir því að komið verði upp vínbúð á Skagaströnd.

Samþykkt að senda bréfið og láta reyna á hvort vilji er til að koma umræddri þjónustu upp á staðnum.

b) Sjávarútvegur

Oddviti fór yfir málefni Brims hf. og greindi frá stöðu mála eins og þau eru best vituð gagnvart stöðu Skagstrendings innan samstæðunnar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19⁰⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir

(sign)